

64. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs haldinn 16. ágúst kl. 16.30 í Héraðsskjalasafni Kópavogs.

Mættir: Pétur Hrafn Sigurðsson formaður, Helga Reinharðsdóttir og Sveinbjörn Strandberg. Hrafn Sveinbjörnsson Héraðsskjalavörður sat fundinn.

1. Rafræn skjalavarsla hjá Kópavogsbæ. Tekin fyrir beiðni frá bæjarráði Kópavogs um að stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs leiti samninga við Þjóðskjalasafn um varðveislu rafrænna gagna Kópavogsbæjar.
Héraðsskjalavörður kynnti málið fyrir stjórn.
Samþykkt að fela formanni að óska eftir fundi með Þjóðskjalaverði sem fyrst um varðveislu rafrænna gagna þar sem stjórn Héraðsskjalasafnsins og Héraðsskjalavörður mæta.
2. Stjórn ræddi um hvaða rafrænum gögnum á að skila inn til Þjóðskjalasafns. Stjórn og Héraðsskjalaverði er ekki kunnugt um hvaða gögn er um að ræða. Formanni falið að kanna það mál hjá stjórnsýslu Kópavogsbæjar fyrir fund með Þjóðskjalaverði.
3. Rætt um skjalavörsluáætlun fyrir Kópavog og stefnumótun fyrir Héraðsskjalasafnið og skjalavörslu Kópavogs. Samþykkt að taka málið upp á næsta fundi.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 18.00

Pétur Hrafn Sigurðsson sign

Helga Reinharðsdóttir sign

Sveinbjörn Strandberg sign